



Reglugerð um búsetu í Sólbrekku

Reglugerð um búsetu í Sólbrekku þjálfunarbúseta fyrir sjálfstæða búsetu.

Reglugerð þessi styðst við reglugerð um búsetu fatlaðra og reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

1. gr. Búseta.

Umsókn um búsetu í íbúð með sameiginlegri aðstöðu að Sólbrekku skal send til fulltrúa búsetudeildar um málefni fatlaðra hjá Norðurþingi. Umsókn er því aðeins gild að hún komi frá hinum fatlaða eða forráðamanni hans. Búseta í Sólbrekku er þjálfun fyrir sjálfstæða búsetu. Að öllu jöfnu býr einstaklingur ekki lengur en 2 ár í Sólbrekku. Búsetudeild um málefni fatlaðra skal sjá um að þörf hins fatlaða fyrir þjónustu sé metin áður en búseta er ákveðin. Ákvörðun um búsetu er tekin í samráði við hinn fatlaða og gerður einstaklingsbundinn þjónustusamningur til að efla sjálfstæði og færni sem bæði íbúi og þjónustuaðili skrifa undir. Einstaklingsbundinn þjónustusamningur er skilyrði fyrir búsetu í Sólbrekku.

2. gr. Einstaklingsbundin þjónustusamningur.

Fatlað fólk sem hefur þörf fyrir viðvarandi og fjölbreytilegan stuðning á rétt á að gerð sé einstaklingsbundin þjónustusamningur fyrir það. Gerð slíkrar áætlunar skal vera á ábyrgð þeirra sem sjá um framkvæmd þjónustunnar. Þess skal gætt að sjálfsákvörðunarréttur fólks sé virtur. Geti einstaklingur ekki talað fyrir sig sjálfur skal leita allra leiða til að öðlast skilning á því hver vilji hans er og í því skyni leitað til þeirra sem þekkja hann best. Passa að þess sé gætt að viðkomandi njóti stuðnings aðstandanda eða talsmanns við gerð samningsins. Þjónustusamningurinn felur í sér skýr markmið sem vinna skal að með því að veita stuðning og samhæfa úrræði mismunandi þjónustuaðila, þar á meðal félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og annarra aðila, svo sem á sviði menntunar, atvinnu og tómstunda. Þjónustusamningurinn lýsir því hver ber ábyrgð á því að tilteknum verkþáttum í áætluninni sé framfylgt ásamt upplýsingum um þann tíma sem einstökum stuðningsþáttum er ætlaður.

3.gr. Umgengni.

Á íbúum fjölbýlishúsa hvílir sú skylda að haga framkomu sinni, hagnýtingu og umgengni, þannig að aðrir íbúar verði ekki fyrir meiri ama og óþægindum en óhjákvæmilegt er. Þeim ber að taka sanngjarnt og eðlilegt tillit til sambýlisfólks síns og ekki má hagnýta sameiginlegt húsrými eða lóð til annars en hún er ætluð. Íbúum ber að virða hagsmuni og rétt sambýlinga og fara að skráðum og óskráðum umgengnisreglum.

Íbúar sjá um þrif á íbúð að lágmarki einu sinni í viku, nánar útlistað í einstaklingsbundnum þjónustusamningi. Íbúar fá stuðning frá starfsmönnum sem sinna vakt hverju sinni.

4.gr. Þjónusta.

Íbúum er veitt leiðsögn eftir þörfum og kappkostað að hafa þá með í ráðum um allt er varðar einkahagi þeirra og heimilishagi.

Þjónusta við fatlaða skal ávallt veitt með þeim hætti að hún efi sjálfstæði þeirra og færni. Fatlaðir sem búa í Sólbrekku fá heima þjónustu, liðveislu, frekari liðveislu, félagslega hæfingu, stuðning og ráðgjöf. Markmið þjónustunnar er að efla færni íbúa til sjálfstæðrar búsetu. Hversu mikil þjónusta er veitt fer eftir mati á þjónustupörf. Um heimahjúkrun vísast til laga um heilbrigðisþjónustu. Aðstoð tengist einstaklingum og þörf þeirra á hverjum tíma.

5.gr. Atvinna – Nám.

Íbúar fá aðstoð til að geta stundað vinnu eða nám. Í þeim tilfellum sem þarf er veitt atvinna með stuðningi. Skilyrði fyrir búsetuúrræði að Sólbrekku er að leggja sig fram til vinnu, hæfingar eða náms.

Íbúi sem hefur náð 18 ára aldri skuldbindur sig til að vera í greiðsluþjónustu í banka og greiða leiguna og kostnað af íbúðinni þar. Ef leigjandi veldur skemmdum á húsnæði ber hann kostnað af því. (sjá nánar leigusamning). Gerður skal húsaleigusamningur við hvern og einn íbúa sambýlisins um þann hluta sambýlisins sem hann hefur afnot af. Um samninginn gilda ákvæði húsaleigulaga.

6.gr. Reykingar og notkun annarra vímuefna.

Reykingar og rafrettur eru bannaðar innandyra í Sólbrekku ásamt neyslu áfengis og annara vímuefna. Notkun vímuefna má ekki skerða getu einstaklings til að sinna vinnu, hæfingu eða námi. Þjónustusamningur er unnin í samvinnu við einstakling með raunhæfum markmiðum til sjálfstæðrar búsetu og því má neysla vímuefna ekki vera með þeim hætti að skerða færni einstaklings til að ná markmiðum þess samnings.

Hafa ber í huga að um fjölbýli er að ræða svo neysla vímuefna má ekki hafa truflandi áhrif á aðra íbúa. Bann er við röskun á svefnfriði í húsinu frá miðnætti til kl: 7:00 að morgni.



7.gr.

Hunda, katta og dýrahald

Samkvæmt lögum um fjöleignarhús er hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi háð samþykki 2/3 hluta eigenda / íbúa sem hafa sameiginlegan inngang eða stigagang. Þegar svo háttar getur húsfélag eða húsfélagsdeild með samþykki 2/3 hluta eigenda / íbúa veitt annaðhvort almennt leyfi til hunda- og /eða kattahalds eða einstökum eigendum / íbúum slíkt leyfi vegna tiltekins dýrs. Húsfélag getur bundið slíkt leyfi skilyrðum.

Í Sólbrekku er ekki ekki möguleiki fyrir íbúa að vera með gæludýr. Hinsvegar má fá heimsókn frá gæludýrum með samþykki annarra íbúa og starfsmanna.



Samþykkt á 83. fundi fjölskylduráðs 8. febrúar 2021

